



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Vorbréf
2025*

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*



Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG gleðilegs sumars

Hér kemur okkar annað fréttabréf og við þökkum fyrir efnið sem okkur barst.

Það er að vanda mjög öflugt og fjölbreytt starf í deildum

DKG um allt land, sem gaman er að fræðast um.

Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir

Eydís Katla Guðmundsdóttir, formaður

Ásborg Arnþórsdóttir,



Sumarkveðja

Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár.
Nú fellur heitur haddur þinn
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tárin kvika' á kinn
þau kyssir geislinn þinn.

Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægri löng,
og heim í sveitir sendirðu' æ
úr suðri hlýjan blæ.



Þú fróvgar, gleður, fæðir allt
um fjöll og dali' og klæðir allt,
og gangirðu' undir gerist kalt,
þá grætur þig líka allt.


Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

Páll Ólafsson



Sumarkveðja frá Landsambandsstjórn

Á þessu fyrra ári mínu sem landsforseti samtakanna hefur mér gefist kostur á að kynnast starfi margra deilda í samtökunum okkar. Í október sótti ég málþing Epsilon deildar á Selfossi sem bar yfirheitið Lykill að líðan barna og unglunga og í nóvember tók ég þátt í „Notalegum hittingi“ Beta- og Mýdeildar á Akureyri. Afmælis- og hátíðarfundur Gammadeildar í Þjóðmenningarhúsinu er einnig mjög eftirminnilegur. Auk þess hef ég setið nokkra inntökufundi deildanna sem hefur verið afar skemmtilegt. Ég hef þannig heimsótt sex deildir á þessu fyrra ári og stefni að því að heimsækja þær sjö sem eftir eru á síðara árinu.



Í janúar kom afmælisritið okkar, **Vínátta – Trúmennska – Hjálpssemi** út og var af því tilefni haldið veglegt útgáfuhóf í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Sigrún Klara Hannesdóttir formaður ritstjórnar og félagskona í Alfadeild kynnti bókina og sagði frá tilurð hennar. Sala bókarinnar fór vel af stað og hvet ég félagskonur til að eignast bókina enda er hún afar fróðleg og skemmtileg aflestrar. Hægt er að nálgast bókina hjá mörgum formönnum deildanna og svo hjá okkur sem eigum sæti í stjórninni.

Í mars sl. fékk landssambandsstjórn og Menntamálanefnd DKG á Íslandi fyrirlesarann Louise Evans til landsins og var hún með vinnustofu í Eddu, húsi íslenskunnar. Þar kynnti hún verkefni sitt sem nefnist „**The five chairs**“ og fjallar um samskipti, félags- og tilfinningafærni og faglegt sjálfstraust. Loise Evans hefur starfað með skólum og stofnunum víða um heim og er hún framúrskarandi fyrirlesari og höfundur bóka, bæði fyrir börn og fullorðna. Markið var sett á að ná 100 konum á vinnustofuna, sem því miður gekk ekki eftir, hins vegar var mikil ánægja með vinnustofuna meðal þeirra sem hana sátu. Vinnustofan kom í stað vorráðstefnu samtakanna sem haldin hefur verið annað hvort ár þegar ártalið ber upp á oddatölu.

Eins og fram hefur komið settu alþjóðasamtökin sér það markmið sl. sumar að fjölga félagskonum DKG um 100 fyrir afmælisárið 2029. Evrópusvæðið eitt og sér ákvað í kjölfarið að fjölga félagskonum sínum um 100 fyrir afmælið stóra. Landsforsetar landsdeildanna í Evrópu funda mánaðarlega saman um starfið í löndunum og eitt af því sem alltaf er á dagskrá þessara funda er hvernig gangi að fjölga félagskonum. Það er ekki leiðinlegt að sitja þessa fundi fyrir hönd íslenska landssambandsins enda hafa íslensku deildirnar verið afar duglegar að fjölga hjá sér, langt umfram það sem við sjáum í hinum löndunum.

Einkunnarorð samtakanna eru vinátta, trúmennska og hjálpsemi, öll mikilvæg hugtök sem vert er að hafa í huga. Þau vísa til þess hve mikilvægt er að rækta vináttuna, gæta trúmennsku og sýna hjálpsemi svo sönn vinátta geti blómstrað í samtökunum okkar. Til að fá sem mest út úr félagsaðildinni að samtökunum bæði faglega og félagslega er mikilvægt að ástunda, mæta á fundi og kynnast öðrum dkg systur. Þannig upplifum við sem best að tilheyra í hópi þar sem ríkir samhugur, velvild og vinátta en það er tilheyra er svo mikilvægur þáttur í lífinu.

Í sumar heldur alþjóðasambandið þing sitt sem haldið er annað hvert ár. Að þessu sinni verður það haldið í Aurora, Colorado í Bandaríkjunum 30. júní til 4. júlí. Ég stefni á að sækja þingið og hlakka mikið til. Það er afar gefandi og fræðandi að sækja viðburði á vegum Delta Kappa Gamma erlendis. Þar fær maður tækifæri til að kynnast DKG konum víðs vegar að og endurnýja kynni við þær sem maður hefur áður verið með á slíkum þingum og ráðstefnum. Ég hvet íslenskar DKG konur sem hafa tæk á að sækja ráðstefnur og þing samtakanna erlendis.

Nú er sumarið framundan og óska ég ykkur ánægjulegs og gefandi sumars með ykkar besta fólki. Ég hlakka svo til áframhaldandi samstarfs á komandi vetri.

Sumarkveðjur til ykkar allra kæru systur

Hrund Logadóttir



Alfadeild

Jólafundur Alfadeildarinnar, sem jafnframt var fjórði félagsfundur haustsins 2025 var haldinn í húsakynnum Hjálpræðishersins þann 6. desember kl. 14.00. Sextán konur mættu á fundinn þar af tveir nýliðar. Formaður setti fundinn og bauð Sjöfn Sigurbjörnsdóttur að kveikja á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Sérstakur gestur fundarins var Sigríður Hallgrímsdóttir frá fjáröflunarnefnd Mæðrastyrksnefndar en hún var mætt til að veita viðtöku fé, alls 91.000 krónum, sem söfnuðust á afmælishátíð Alfadeildarinnar. Sigríður þakkaði innilega fyrir framlag Alfadeildarinnar og lagði mikla áherslu á hve svona framtak kæmi sér vel. Hún sagði okkur jafnframt frá starfsemi menntunarsjóðsins, fjölmargar konur hefðu með aðstoð sjóðsins getað aflað sér menntunar og þannig losnað úr fátækragildru.

Næst á dagskránni var jólahugvekja Aðalheiðar Matthíasdóttur sem fjallaði um ástarhaturssamband sitt við aðventu og jólin og gátu félagskonur samsamað sér ýmsu í hugleiðingu hennar. Að því loknu var Sólrún Jensdóttir heiðruð fyrir 40 ára veru í Alfadeildinni. Góðar kveðjur bárust á fundinn bæði frá Sigrúnu Klöru Hannesdóttur og Fannýju Gunnarsdóttur. Klukkan 16.00 var slökkt á kertunum og konur gengu glaðar út í aðventuna með óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár í farteskinu.



Sjöfn Sigurbjörnsdóttir og Sólrún Jensdóttir voru á árinu 2025 heiðraðar fyrir 40 ára veru í Alfadeild.

Sigríður Hallgrímsdóttir veitir viðtöku því fé sem safnaðist í happdrætti Alfadeildar.



Fimmti félagsfundur Alfadeildar á starfsárinu var haldinn í Háskólanum í Reykjavík (HR) 23. febrúar 2026. Þrettán konur mættu. Hrefna Pálsdóttir, forstöðukona kennsluþróunar og félagssystir okkar í Alfadeild, tók á móti félagskonum og bauð þær velkomnar.

Heimsóknin hófst með skoðunarferð um myndver í HR, þar sem aðstaða skólans til gerðar kennslumyndbanda og hlaðvarpa er staðsett. Þar tók á móti okkur Vilhjálmur Siggeirsson,

ráðgjafi í stafrænni námsefnisgerð. Hann kynnti þá tækni og möguleika sem kennurum og starfsfólki stendur til boða við gerð stafræns kennsluefnis. Félagskonum þótti mikið til um glæsilega og vel útbúna aðstöðuna. Að því loknu var gengið um húsakynni Háskólans í Reykjavík þar sem Hrefna sagði frá uppbyggingu skólans og starfsemi hans. Hún fór yfir þróun skólans, skipulag og helstu áherslur í starfi hans.



Hrefna Pálsdóttir, forstöðukona kennsluþróunar við HR.



Félagskonur Alfadeildar í HR.

Í framhaldinu var haldið í fundarstofu. Formaður setti fundinn og bað Guðríði Sigurðardóttur um að kveikja á kertum Alfadeildar í nafni vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Í kjölfarið var boðið upp á kaffi og ljúffenga súkkulaðiköku og sköpuðust góðar samræður í hlýlegu andrúmslofti. Hrefna kynnti nánar starf kennsluþróunarviðs og helstu verkefni þess. Þar var meðal annars fjallað um stuðning við kennara, þróun kennsluhátta og þau fjölbreyttu verkefni sem sviðið sinnir innan skólans. Félagskonur þurftu margs að spyrja. Á fundinum var tillaga að uppstillingarnefnd samþykkt og minnt var á vinnustofu Louise Evans þann 13. mars n.k. Í lok heimsóknarinnar þakkaði formaður Alfadeildar Hrefnu og samstarfsfólki hennar fyrir höfðinglegar móttökur og að venju var afhent rauð rós sem þakklætisvottur fyrir hennar framlag.

Alfadeild þáði afar ánægjulegt boð Lambdadeildar um að fara með þeim í heimsókn og kynningu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í nýju húsnæði þeirra í fyrrum Hótel Sögu. Heimsóknin var 26. mars 2026 og mættu 22 félagskonur úr báðum deildum. Var þetta sjötti félagsfundur Alfadeildarinnar á starfsárinu.

Formaður Lambdadeildar, Björg Melsted, setti fundinn og í framhaldinu kveikti Málfríður Þórarinsdóttir, formaður Alfadeildar á kertum í nafni vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Kolbrúnu Pálsdóttur, deildarforseta var síðan gefið orðið. Kolbrún er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og hefur sinnt kennslu, rannsóknum og þróunarstarfi á sviði menntunar, meðal annars með áherslu á starf með börnum og ungmennum og þróun menntakerfisins.

Í erindi sínu sagði Kolbrún frá tilurð Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og rakti þróun þess frá Kennaraskóla Íslands til Kennaraháskóla Íslands og síðar sameiningu við Háskóla Íslands. Hún kom einnig inn á markvissa vinnu frá árinu 2018 við að koma starfseminni í núverandi húsnæði. Húsið er um 18.000 fermetrar að stærð og var upphaflega byggt árið 1942.



Fram kom að Félagsstofnun stúdenta hefði komið að verkefninu í samstarfi við stjórnvöld, meðal annars með uppbyggingu stúdentaíbúða þar sem um 30% rýmis tengist þeirri starfsemi. Þar eru meðal annars 111 stúdíóbúðir auk herbergja fyrir akademíska gesti.

Kolbrún lagði áherslu á mikilvægi þess að halda í rætur sviðsins sem fagháskóla, jafnframt því að þróa námið í takt við breyttar þarfir samfélagsins.

Að því loknu var farið í skoðunarferð um hið nýja húsnæði Sögu. Þar gafst félagskonum kostur á að sjá fjölbreyttar kennslustofur og aðstöðu, auk þess sem sagt var frá hugmyndum um nýtingu rýmisins. Einnig var rætt um þær áskoranir sem felast í breyttum námsvenjum, svo sem minni viðveru nemenda og aukna eftirspurn eftir fjarnámi samhlíða vinnu. Að kynningu lokinni var Kolbrúnu þökkuð fróðleg og áhugaverð kynning og henni færð rauð rós sem þakklætisvottur að sið DKG.

Í lok heimsóknarinnar gafst tími til spjalls og veitingar voru í boði deildanna. Mikil ánægja var með að deildirnar skyldu taka sig saman um heimsóknina og félagskonur sammála því að gera meira af slíku.



Kolbrún Þ. Pálsdóttir forseti Menntavísindasviðs ásamt formönnum Alfa-og Lamdadeilda

Alfadeild bauð til inntökufundar átta nýliðum sem hafa haft möguleika á þátttöku í deildarstarfinu veturinn 2025-2026. Allir nýliðar óskuðu eftir því að mæta á fundinn, en því miður forfölluðust tveir vegna veikinda á deginum. Fundurinn var haldinn í Búbbulusalnum á Finnsson í Kringlunni 18. apríl 2026 og hófst á hádegis. Þetta var sjöundi félagsfundur deildarinnar á starfsárinu. Málfríður, formaður Alfadeildar, setti fundinn og í framhaldinu kveikti Hrefna Pálsdóttir félagskona á kertum í nafni vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Formaður gaf í kjölfarið Nönnu K. Traustadóttur orðið og fór hún með Orð til umhugsunar fyrir félagskonur. Ræddi hún þar um þær aðstæður þegar einstaklingur kemur inn í nýjar aðstæður og að tilheyra. Málfríður afhenti Nönnu rauða rós í þakklætisskyni fyrir Orð til umhugsunar. Málfríður bauð í kjölfarið nýliðana til leiks og fór inntökuathöfn fram samkvæmt hefð samtakanna. Hrund Logadóttir forseti DKG á Íslandi tók þátt í athöfninni ásamt stjórn Alfadeildarinnar. Athöfnin var hátíðleg þar sem farið var yfir markmið og gildi Delta Kappa Gamma og tákn samtakanna. Nýir félagar lýstu yfir vilja sínum til að taka þátt í starfi deildarinnar og kveiktu á kertum. Að því loknu voru þær formlega boðnar velkomnar í deildina.

Eftirfarandi konur gengu til liðs við Alfadeild:

Helen Williamsdóttir Gray, leiðtogi alþjóðaverkefna hjá Iðunni fræðslusetri.

Hildur Betty Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Lára Marta Fleckenstein, kennari við Verzlunarskóli Íslands.

Margrét Erla Björnsdóttir, deildarstjóri Kóraskóla.

Steinunn Grétarsdóttir, deildarstjóri barnasviðs hjá fríríðstundamiðstöðinni Tjörninni

Þórunn Elín Pétursdóttir, þýskukennari við Flensborgarskólann

In absentia:

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri fríríðstundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar

Ingibjörg V. Kaldalóns, lektor í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



Allar nýjar félagskonur fengu afhenta rós og nælu samtakanna við athöfnina. Að því loknu var borinn fram hádegisverður, en nýjum Alfakonum var boðið upp á hádegisverðinn þeim að kostnaðarlausu. Hrund formaður Landssambands DKG hélt erindi um DKG á meðan deildin fékk sér kaffi að loknum hádegisverði.

Alls voru 22 félagskonur mættar á fundinn, þar af sex nýjar Alfakonur. Stundin var hin ánægjulegasta og í anda samtakanna.



Inntökuathöfn Alfadeildarinnar 18. apríl 2026.

Stjórn Alfadeildarinnar ásamt forseta DKG á Íslandi

Að því loknu var borinn fram hádegisverður, en nýjum Alfakönnum var boðið upp á hádegisverðinn þeim að kostnaðarlausu. Hrund formaður Landssambands DKG hélt erindi um DKG á meðan deildin fékk sér kaffi að loknum hádegisverði. Alls voru 22 félagskonur mættar á fundinn, þar af sex nýjar Alfakonur. Stundin var hin ánægjulegasta og í anda samtakanna.

Framundan er aðalfundur deildarinnar þann 18.maí n.k þar sem uppstillingarnefnd mun kynna tillögu að nýrri stjórn. Við í núverandi stjórn Alfadeildar sendum Alfakönnum og félagskonum annarra deilda samtakanna óskir um gleðilegt sumar. Við hvetjum jafnframt allar félagskonur samtakanna, sem eiga ekki eintak af vel heppnuðu og fróðlegu afmælisriti samtakanna að verða sér úti um það.

f.h. stjórnar Alfadeildarinnar.

Málfríður Þórarinsdóttir, formaður



Betadeild



Fyrsti fundur nýs árs er alltaf tilhlökkunarefni í

Betadeild því þá höldum við hinn hefðbundna „bókafund“ sem alltaf er sívinsæll. Á fundinum segja Betakonur frá þeim bókum sem þær hafa lesið nýverið og eru jólabækurnar svokölluðu vanalega þar efstar á lista. Fundurinn þetta árið var haldinn á heimili Ólafar Ásu Benediktsdóttur þriðjudaginn 13. janúar. Að vanda voru Betasystur vel lesnar og voru að þessu sinni kynntar 17 bækur. Bókalistann má nálgast á vef

deildarinnar. (<https://www.dkg.is/betadeild/vetrarstarfid/bokafundur>)

Febrúarfundurinn var haldinn í húsnæði Menntaskólans á Akureyri. Gestur kvöldsins var Rakel Hinriksdóttir. Hún er grafískur hönnuður, menntuð í Bandaríkjunum en leiddist út í fjölmiðlun, fyrst á N4 og síðar sem blaðakona og pistlahöfundur. Hún er einnig listakona og hefur gefið út bækur. Hún leggur mikið upp úr fræðslu í tengslum við mannleg samskipti. Þegar hún var dagskrárgerðarkona á N4 gerði hún þátt um einveru. Hún var í þrjár nætur án sambands við umheiminn í Svörtuborg í Út-Kinn. Þar las hún skáldsöguna Lifandi vatnið eftir Jakobínu Sigurðardóttur sem hafði mikil áhrif á hana. Rakel starfar mikið við náttúruvernd og er formaður SUNN, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi. Hún er einnig framkvæmdastjóri Mývatnsstofu.



Í mörg ár hefur marsfundur deildarinnar verið það sem við köllum „óhefðbundinn“. Þá leggjum við alla formlega dagskrá til hliðar og mæting er „frjáls“. Þrátt fyrir það er alltaf vel mætt á þessa fundi. Í nokkuð mörg ár var þessi fundur tekinn undir svokallaðan leshring. Þá voru á janúarfundi valdar tvær bækur sem allar lásu og svo hittumst við og ræddum bækurnar. Núna allra síðustu árin

höfum við hvílt aðeins leshringina og farið aðrar leiðir. Að þessu sinni ákvað undirbúningshópur fundarins að bjóða okkur í húsnæði Ferðafélags Akureyrar. Þorgerður Sigurðardóttir, Betasystir og fráfaraandi formaður Ferðafélags Akureyrar (FFA) kynnti okkur þá miklu starfsemi sem FFA stendur fyrir. Í formannstíð sinni beitti hún sér m.a. fyrir stefnumótunarvinnu innan félagsins og reyndi að auka sýnileika þess, m.a. með því að búa til nýja vefsíðu fyrir FFA þar sem finna má allar helstu upplýsingar. Í félaginu eru nú 710 félagsmenn og nánast allt starf félagsins er unnið af sjálfboðaliðum, þ.m.t. starf formanns. Á síðustu árum hefur verið bryddað upp á ýmsum nýjungum í starfinu, svo sem barna- og fjölskylduferðum, göngu- og hreyfiverkefnum og margt fleira sem hefur mælst vel fyrir. Þess má geta að Þorgerður var fyrsta konan í embætti formanns FFA í 90 ára sögu félagsins.



Aprílfundur deildarinnar var haldinn í notalegum sal í Glerárkirkju. Þetta var inntökufundur en í þetta sinn var Ása Sigurðardóttir sérkennari í Glerárskóla tekin inn í deildina. Ása hefur kynnt sér starf deildarinnar í vetur og var tilbúin að ganga til liðs við okkur. Við bjóðum hana hjartanlega velkomna. Það er alltaf jafn hátíðleg stund þegar inntaka á sér stað. Gestur okkar á þessum fundi var Hildur Björk Hörpudóttir prestur í Glerárkirkju. Hún sagði okkur frá því blómlega starfi sem fram fer í Glerárkirkju og þeirri nýbreytni í safnaðarstarfinu sem átt hefur sér stað allra síðustu ár. Þar kennir ýmissa grasa og

hefur þátttaka í hinum ýmsu viðburðum á vegum kirkjunnar stóraukist.

Þegar þetta er skrifað stendur maífundurinn, og jafnframt aðalfundur deildarinnar, fyrir dyrum en fyrirhugað er að halda hann 12. maí. Uppstillingarnefnd hefur unnið sitt starf og búið er að tilnefna nýja stjórn sem væntanlega verður kosin á fundinum. Fundurinn verður haldinn á

Múlabergi sem er veitingastaður hér á Akureyri en þar hefur alltaf verið tekið vel á móti okkur. Að fundarstörfum loknum er ætlunin að snæða saman kvöldverð á staðnum.

Auk þeirra viðfangsefna sem hér hafa verið talin upp, má minnast á happdrættið okkar sem dregið er í á hverjum fundi, en þannig höfum við aflað fjár í eigin sjóð m.a. til styrktar Betakonum á hin ýmsu þing samtakanna.

Einnig höfum við haldið þeirri hefð að láta litla „pyngju“ ganga á fundum og þannig safnað í sjóð sem að loknu starfsári er gefinn í eitthvert menntandi verkefni, lengst af var það til styrktar menntun stúlkna í Afríku á vegum Unicef, en önnur verkefni hafa líka verið styrkt.

Mæting Betakvenna á fundi hefur verið góð og hafa þær verið virkar og fúsar að vinna að verkefnum samtakanna. Auk starfa fyrir deildina hafa Betakonur einnig tekið virkan þátt í starfinu á landsvísu.

Að endingu óskum við ykkur öllum gleðilegs sumars og þó hitastigið sé ekki sumarlegt hér norðan heiða í augnablikinu, þá vonumst við eftir betri tíð því, „*verið kemur, heimur hlýnar hjartað mitt.*“

Bestu kveðjur!

F.h. stjórnar Betadeildar

Eygló Björnsdóttir formaður.

Gammadeild

Gammadeildin stóð fyrir vel heppnuðum samfélagsviðburði til styrktar Menntasjóði Mæðrastyrksnefndar, fimmtudaginn 27. nóvember 2025. Um 50 konur sóttu viðburðinn í Safnahúsinu og fengu kynningu á starfi Menntasjóðs. Við hlýddum þar á sögu ungrar móður sem notið hefur styrks úr sjóðnum ásamt því að njóta tónlistar og góðra veitinga sem Gamma systur hjálpuðust að við koma með. Veglegt happdrætti skilaði ríflega 400 þúsund króna hagnaði sem rann beint til Menntasjóðs Mæðrastyrksnefndar.



Að venju var svo jólafundur í byrjun desember en við hittumst í heimahúsi og fengum Sigríði Hagalín Björnsdóttur rithöfund í heimsókn. Hún sagði okkur frá nýjustu bók sinni Vegur allrar veraldar og las upp úr henni. Ingibjörg Einarsdóttir gaf okkur innsýn í sögu Gamma deildar en hún hafði veg og vanda að því að taka saman þá sögu fyrir 50 ára afmælisrit DKG á Íslandi. Að sjálfsögðu var sungið, bæði jólalög og lag sem samið var í tilefni af 40 ára afmæli Gamma deilda en senn nálgast 50 ára afmæli deildarinnar. Rauði liturinn var einkennandi á jólafundinum líkt og venjulega og við gæddum okkur svo á góðum veitingum og ræddum heima og geima fram á kvöld.



Um miðjan janúar hittumst við á bóka fundi í heimahúsi og eftir hefðbunið upphaf fundar með því að kveikja á kertum, nafnakalli og lestri fundargerðar hlýddum við á nokkur örerindi frá konum í deildinni. Þær sögðu frá lífi sínu og starfi eða hverju því sem þær langaði að deila með okkur en þessi örerindi hafa mælst vel fyrir og skapað bæði meiri nánd og styrkt góð kynni. Alveg magnað hve mikill mannauður og reynsla

býr í okkar góða hópi. Eftir að hafa gætt okkur á veitingum ræddum bæði bók Sigríðar Hagalín, Vegur allrar veraldar sem og aðrar áhugaverðar bækur sem við höfðum nýlega lesið. Að venju var líf og fjör í umræðunum og við nutum samvista fram á kvöld. Bókafundurinn er líkt og í mörgum öðrum deildum DKG ómissandi hluti af starfinu og mun vera það um ókomin ár.

Febrúarfundurinn var haldinn í húsnæði Listaháskóla Íslands í Stakkahlíð. Við byrjuðum á að hlýða á nokkur örerindi Gamma kvenna eftir hefðbundið upphaf fundar. Eftir veitingar þá hlýddum við á erindi Dr. Ingimar Ólafsson Waage sem fjallaði um doktorsrannsókn sína sem ber heitið: Að kenna myndlist sem nálgun við siðferðislega menntun. Mjög áhugavert efni og líflegar umræður sköpuðust í þessu húsnæði sem hefur verið hjarta kennaramenntunar um svo langa hríð. Nú fara þar fram endurbætur og á vonandi eftir að fara þar vel um nemendur og starfsfólk Listaháskólans.

Í mars var ekki hefðbundinn fundur en Gamma konur voru hvattar til að fara á vinnustofu á vegum DKG á Íslandi og var hugsuð í stað vörráðstefnu. Louise Evans var með vinnustofu þar sem hún kynnir hugmyndafræði um *Stólana fimm*, leið til að bæta samskipti, efla tengsl og tilfinningafærni.



Aprílfundur Gammadeildar var haldinn í Sveinstungu á Garðatorgi 20. apríl. Eftir hefðbundið upphaf fundar með örerindum sagði Lóa Guðrún Gísladóttir aðjúnt á Menntavísindasviði HÍ okkur frá doktorsverkefni sínu. Það snýr að þróunarverkefni í foreldrafræðslu sem ber heitið *Tengjumst í leik* en þar sem lögð er áhersla á samskipti og samveru í gegnum leik. Væntanlegum Gammakonum var boðið í heimsókn á þennan fund en formleg inntaka verður á aðalfundi í maí.

Aðalfundur er svo áætlaður 21. maí en að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum munum við taka nýjar konur inn í deildina, fá óvænt skemmtiatriði og njóta samveru fram á kvöld. Með kærri sumarkveðju til allra DKG systra með góðum óskum um grósku og gleði, Bryndís Jóna Jónsdóttir, formaður Gamma deildar .


Deltadeild

Starfssvæði Deltadeildar er Vesturland. Félagskonur eru búsettar á Akranesi og í Borgarbyggð. Einnig eru nokkrar konur fluttar á höfuðborgarsvæðið og sækja fundi hjá Deltadeild.

Við Deltakonur enduðum árið 2025 á jólafundi sem haldinn var í Garðabæ á heimili Soffíu Sigurjónsdóttur Deltakonu. Mættar voru 12 Deltakonur og 4 gestir. Jónína Eiríksdóttir flutti „Orð til umhugsunar“ og fjallaði um jólin, hátíð barnanna og velti fram ýmsum spurningum. Soffía sagði í stuttu máli frá sínum efri árum og sýndi okkur glæsileg útsaumuð jólatrésteppi sem hún hefur unnið að frá því í Covid handa öllum afkomendum sínum.

Þá kynnti formaður Hönnu Ágústu Olgeirsdóttur óperusöngkonu til leiks. Hanna Ágústa sagði frá sínu söngnámi sem hún hóf í Borgarnesi ung að árum, síðan lá leiðin til Reykjavíkur og til framhaldsnáms í tónlistarháskóla í Leipzig í Þýskalandi. Hún hefur tekið þátt í fjölda verkefna og stundar nú nám á sviðshöfundabraut í Listaskólanum. Hanna Ágústa söng síðan nokkur lög við undirleik Jónínu Ernu. Söngdívna sem á framtíðina fyrir sér var niðurstaða okkar allra eftir að hafa hlýtt á.

Eftir þessa ljúfu tóna bauð Soffía upp á glæsilegar veitingarnar. Deltakonur sungu jólalög á milli rétta enda var andrúmsloftið afslappað og jólaandinn sveif yfir.



Mættum við sex Deltakonur á útgáfuhóf afmælisrits Delta Kappa Gamma sem var haldið í Reykjavík um miðjan janúar.

Fyrsti fundur 2026 var haldinn í Safnahúsi Borgarfjarðar, Borgarnesi, 21. janúar 2026. Mættar voru 11 Deltakonur og 2 gestir. Gestgjafi okkar, Þórunn Kjartansdóttir menningarfulltrúi Borgarbyggðar, sagði okkur frá starfsemi Safnahúss Borgarfjarðar, en það býr yfir fimm einingum; Bókasafni, Byggðasafni, Listasafni, Náttúrugripasafni og Skjalasafni. Í Safnahúsinu eru allskonar viðburðir

og uppákomur og er markhópurinn aðallega börn. Reglulega eru listasýningar í Hallsteinssal og er tilgangurinn meðal annars að börn fái þjálfun í læsi á myndmál.

Elísabet Jóhannesdóttir var með „Orð til umhugsunar“ og sagði okkur frá bókaklúbbi sem hún er í í bókasafninu á Akranesi. Nú er hún að lesa bókina *Konan sem elskaði fossinn*, söguleg skáldsaga eftir Eyrúnu Ingadóttur, en Elísabet var mjög heilluð af þessari sögu. Hún fékk barnabarnið með sér í að gera skemmtilega powerpoint-sýningu fyrir okkur um þessa merku konu.

Síðan ræddum við um bækurnar tvær sem við lásum um jólin, *Kvöldsónata* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og *Þú sem ert á jörðu* eftir Nínu Ólafsdóttur. Konur voru sammála um að báðar bækurnar væru vel skrifaðar og efnið áhugavert.

Theodóra var með nýju bókina *50 ára afmælisrit Delta Kappa Gamma á Íslandi* sem gaman er að glugga í, mikill fróðleikur í henni. Við erum stoltar af þætti okkar Deltakvenna í bókinni. Sigrún Jóhannesdóttir var í ritstjórninni, Ásta Egilsdóttir og Jónína Eiríksdóttir skrifuðu söguágríp Deltadeildar. Einnig var Ásta í stjórn landsambandsins þegar ákveðið var að gefa út afmælisritið.

Fjórði fundur vetrarins var haldinn í leikskólanum Garðaseli á Akranesi 3. mars 2026. Mættar voru 10 Deltakonur og 1 gestur.

Guðlaug Sverrisdóttir flutti „Orð til umhugsunar“ í formi uppistands um starf kennara í grunnskóla. Þar var fjallað skemmtilega um börn og sýn þeirra á raunveruleikann, einlægni þeirra, valkvæða hreyfingu, orkustig frá lægsta til hæsta og hvernig kennari þarf að bregðast við þessu af fagmennsku þó oft reyni mikið á.

Næst á dagskrá var kynning Ingunnar Sveinsdóttur leikskólastjóra á Garðaseli. Garðasel er heilsuleiksskóli sem flutti í nýtt húsnæði 2022. Í starfinu sem heilsuleiksskóli eru helstu áherslur: Hreyfing, næring, listsköpun, heilsubók barnsins og útinám. Í skólanum er unnið eftir læsisstefnu Akraness þar sem rauði þráðurinn er öflug málörvun.

Því næst hófst aðalfundur 2026 með hefðbundnum aðalfundarstörfum. Theodóra flutti skýrslu stjórnar þar sem hún fór yfir árin tvö sem þessi stjórn hefur setið og Sóley Sigurþórsdóttir gjaldkeri fór yfir ársreikningana.




Því næst var kosning nýrrar stjórnar og mun Inga Dóra Halldórsdóttir taka við formanninum og aðrar í stjórn verða Ingbjörg Adda Konráðsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir og Theodóra Þorsteinsdóttir. Tillaga uppstillinganefndar var samþykkt einróma með lófataki.

Þá tók Hrund forseti landssambandsins til máls. Hún nefndi afmælisritið og þá miklu vinnu sem lögð hafði verið í það. Þar væri líka m.a. sögð áhugaverð saga félagsins. Hrund minnnti meðal annars á að mikið efni er á heimasíðu sambandsins s.s. langtímaáætlun og upplýsingar um nýtt framkvæmdaráð sem tekur til starfa í haust og framkvæmdaáætlun.

Þá fór fram inntaka nýja félaga. Kristín Gísladóttir og Signý Óskarsdóttir voru teknar inn í deildina. Athöfnin fór fram með hefðbundnum hætti undir leiðsögn Theodóru, Ingu Dóru, Sóleyjar og Hrundar.

Sungin voru nokkur lög og síðan var ný stjórn boðin velkomin og þeim færðar rósir og fráfarandi stjórn kvædd með rósum. Theodóra hélt stutta tölu og þakkaði fyrir traust og gott samstarf þessi tvö ár.



Epsilondeild

Vetrar- og vormisserið hefur verið lifandi og fjölbreytt hjá Epsilondeild DKG og hafa systur hist til að njóta fræðslu og samveru. Við tókum upp þráðinn frá fyrra fréttabréfi þar sem Epsilonsystur í uppsveitum Árnassýslu voru að undirbúa **Jólafundinn** okkar en hann var haldinn í Hruna í Hrunamannahreppi. Fundurinn hófst með jólastund í kirkjunni þar sem sr. Óskar H. Óskarsson fór yfir sögu staðarins og rakti þá frægu menn sem þar hafa þjónað og búið. Í lok stundarinnar sungu Epsilonsystur sálminn *Fögur er foldin* með sr. Óskari. Við minntumst Rutar Guðmundsdóttur Epsilonsystur sem hvílir í kirkjugarðinum og lögðum rós á legstað hennar. Við færðum okkur svo yfir í safnaðarheimilið þar sem Björg Björnsdóttir flutti okkur Orð til umhugsunar og fjallaði um gleði og hlátur og það góða sem gerist innra með okkur þegar gleðin tekur völd. Við héldum svo áfram að syngja jólalög og njóta gleði og kærleika systra.



Bókafundur Epsilondeildar var haldinn í janúar heima hjá Ernu Ingvarsdóttur Epsilonsystur í Hveragerði. Aðahluti fundarins var bókakynning þar sem hver systir sagði frá einni bók sem hún hafði lesið eða hlustað á. Margar bækur sem sneru að örlögum kvenna og barna en einnig komu fram léttari og gleðilegri bækur. Veitingar að loknum fundi voru ekki af verri endanum en hver og ein kom með kræsingar sem lagðar voru á sameiginlegt hlaðborð og skapaðist einstaklega notaleg stemning.



Sameiginlegur fundur Epsilon- og Eta-deildar var haldinn á Selfossi 17. mars. Fundurinn hófst í Gallerí Listaseli í miðbæ Selfoss þar sem systur nutu fordrykkjar og samveru innan um listmuni. Að því loknu var gengið yfir í Tryggvaskála þar sem fundur var settur. Efnistösk fundarins voru, að ósk Etasystra, helstu atriði frá Málþingi Epsilondeildar sem fjallaði um andlega líðan barna og ungmenna. Þar kom fram mikilvægi áfallamiðaðrar nálgunar, forvarna, félagslegra tengsla og þess að samfélagið allt standi saman um velferð barna og ungmenna. Nanna Christiansen úr Eta-deild flutti okkur Orð til umhugsunar og fjallaði um líðan nemenda og námsárangur. Hún sagði frá leiðsagnarnámi sem er kennsluáferð til að efla vellíðan, sjálfstraust og námsárangur nemenda. Hún lagði áherslu á valdeflingu, vaxandi hugarfar og sanngjarnar væntingar til nemenda sem stuðla að trú þeirra á eigin getu og tilgang í jákvæða upplifun í námi. Mikið var gaman að taka á móti hressum og skemmtilegum hópi Etasystra og njóta samvista þeirra.



Inntökufundur Epsilondeildar var haldinn á Black Sand Hótelu í Ölfusi í apríl. Fundurinn var með hefðbundnu sniði inntökufundar en Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir flutti okkur Orð til umhugsunar og minntist frænda síns sem lifði ríku og fallegu lífi þrátt fyrir áföll og fann seint á ævinni leið sína í tónlistinni. Kristjana Pálsdóttir kennari var tekin inn í Epsilondeild við hátíðlega athöfn þar sem farið var yfir gildi og tákn samtakanna. Að inntökunni lokinni sungu systur saman lagið *Vorvindar glaðir*. Okkur hlotnaðist sá heiður að hafa forseta Landssambands DKG, Hrund Logadóttur viðstadda inntökufundinn og tók hún virkan þátt í inntökuathöfninni. Einnig tók hún til máls undir lok fundar og hvatti systur til að lesa nýútkomið afmælisrit félagsins. Hún minnti á 100 ára afmæli Delta Kappa Gamma eftir tvö ár og mikilvægi þess að fjölga félagskonum. Að fundi loknum fengum við einstaka matarupplifun á veitingastaðnum Ómur sem staðsettur er á hótelinu.



Framundan er aðalfundur Epsilondeildar nú í maí þar sem núverandi stjórn lætur af störfum og ný tekur við. Það eru alltaf viss tímamót þegar stjórnarskipti eiga sér stað og tilefni til að þakka fyrir ómetanlegt starf þeirra sem leitt hafa deildina af alúð og ábyrgð. Vinátta, trúmennska og hjálpsemi hafa verið leiðarljós í öllu starfi Epsilondeildar DKG og mun áfram fylgja okkur.

Sumarkveðja

Kæru DKG systur, við sendum ykkur öllum innilegar og hlýjar kveðjur inn í sumarið. Að baki er vetur og vor sem hefur einkennst af samveru, fræðslu og góðum stundum í félagskap kvenna sem styðja hvor aðra, deila reynslu og efla fagmennsku. Nú þegar daginn tekur að lengja og bjartir dagar verða allsráðandi vonum við að þið fáið tækifæri til að njóta góðra og gleðilegra stunda, hlæja með ástvinum og finna innblástur í náttúrunni sem lifnar við að vori. Megi sumarið færa ykkur gleði, frið og góðar minningar.

Með kærri sumarkveðju frá Epsilondeild DKG

Margrét Guðmundsdóttir, formaður



Zetadeild

Þegar þetta er skrifað hér á Seyðisfirði hopar snjórinn óðar í hlýindum sem hafa verið dag eftir dag hjá okkur. Fossarnir vatnsmiklir og fallegir hljóma fallega í takt við alls konar fuglasöng.

Við í Zetadeildinni höfum hist þegar þetta er skrifað tvisvar sinnum á fundum. Eins og oft áður setur færð og veður strik í reikninginn ásamt öðrum óvæntum niðurfellingum funda. Í mars hittumst við á bókasafninu á Egilsstöðum og fengum skemmtilega kynningu hjá Kolbrúnu Erlu Pétursdóttur bókasafns og upplýsingafulltrúa.

Hún fór yfir sögu Bókasafns Múlapings sem var opnað árið 1995 og er nú komið að tímamótum þar sem þörf er á stækkun. Unnið er að byggingu nýs safnhúss sem áætlað er að ljúki árið 2027. Kolbrún Erla hefur yfirumsjón með öllum bókasöfnum í Múlapingi. Öll bókasöfnin gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu og eru sveitarfélög skyldug til þess að reka slíka þjónustu. Bókasöfnin eru svokallað þriðja rýmið eða staður utan heimilis og vinnu. Á bókasöfnin getur fólk komið við, lært eða unnið án endurgjalds. Safnið á í góðu samstarfi við leik- og grunnskóla og býður upp á fjölbreytta þjónustu. Á bókasöfnin má meðal annars sækja tungumálakaffi á veg um Rauða krossins, nýta aðstöðu til náms og fjarvinnu og fá lánað tæki eins og blóðþrýstings mæli og saumavél. Árið 2025 voru haldnir um 70 viðburðir og gestum fer fjölgandi. Þar má nefna sumarlestur, sem hefur vaxið verulega, bangsagistingu, þrjónagöngu, námskeið og skapandi viðburði, auk sérstaks viðburðar um Jane Austen og „blind stefnumót við bækur“ á Valentínusardaginn. Safnið er virkt á samfélagsmiðlum og miðlar efni til notenda sinna. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn hefur tekist að byggja upp öfluga starfsemi með styrkjum. Breytt viðhorf endurspeglast í starfseminni – bókasafnið er orðið lifandi rými þar sem röddin fær að hljóma, og barnahorn safnsins nýtur sérstakra vinsælda.



Heimsókn á Bókasafnið á Egilsstöðum

Næsti fundur var svo haldinn á Fáskrúðsfirði þar sem við kynntumst handverki kvenna í Kolfreyju. Þær hafa aðstöðu í fallega uppgerðu húsi sem áður hýsti Kaupfélag Fáskrúðsfjarðar. Félagskonur í zetadeild voru duglegar að kaupa ýmsan handgerðan varning sem Kolfreyjukonur höfðu til sölu. Einnig var okkur boðið upp á kaffi og smákökur.

Við höfum haft þann sið að hittast víðsvegar um Austurland fáum skemmtilegar og fróðlegar kynningar, höfum svo hefðbundin fund með því að kveikja á kertunum þremur, lesa markmiðin og orð til umhugsunar. Síðan höfum við borðað saman. Mjög svo dýrmætt og gott samfélag sem við eigum saman zetakonur hér á Austurlandi. Á fundinum á Fáskrúðsfirði tókum við inn nýja félagskonu og fögnum við henni.

Í maí ætlum við að hittast og fá kynningu á Skólaþjónustu Múlapings á Egilsstöðum og halda líka aðalfund og skipta um formann. Ég mun stíga til hliðar og ný félagskona tekur við stjórninni. Þessi ár sem formaður hefur verið gefandi fyrir mig, hitta félagskonur bæði hér fyrir austan og á haustfundum DKG. Við höfum verið duglegar að finna áhugaverð efnistösk til að kynna ykkur hér á Austurlandi.

Vor við Seyðisfjörð

Það léttir alltaf göngu á vetrarvegi
er vorið boðar komu sína á ný
og sólargangur lengist dag frá degi
dimman flýr og golan verður hlý.

Og farfuglanna vængjabyt ég þekki
þeir vitja lands og kveða hver sinn óð
um bjarta nótt, er sólin sefur ekki,
er sveipar fjörðinn morgunroða glóð.

Er hljóðlátt regnið nýjan gróður nærir
og nálgast sumar, léttist sérhvert spor
og ilm af lyngi blær úr fjalli færir
ég fagna því að enn er komið vor.

Mín heimabyggð er mér sem búið bændum
sem blómstrar ef að hlúð er vel að því.
Að Seyðisfjörður eigi vor í vændum
er von mín nú er byrjar öldin ný.

Þórunn Sigurðardóttir orti á 100 ára kaupstaðarafmæli Seyðisfjarðar.



Ólafía Þ Stefánsdóttir
Formaður Zetadeildar DKG

Etadeild


Þegar Haustfréttabréf Eta deildar kom út sl.haust hafði Jólafundur Eta deildar ekki enn farið fram. Hann var síðan haldinn 2. desember á Löngulínu 27, heimili Önnu Sigríðar Pétursdóttur og var Þriðji fundur vetrarins. 23 konur mættu á fundinn og komu sjálfar með aðföng í svokallað Pálínuboð.

Ólöf Helga Þór formaður, setti fundinn og kveikti á kertunum þremur. Hún rifjaði síðan örstutt upp 50 ára sögu Delta Kappa Gamma á Íslandi og Eta deildar sem var stofnuð fyrir 28 árum. Jónína Ólöf Emilsdóttir var með Orð til umhugsunar og flutti hugljúfa jólasögu sem gerðist 1948 á eyju í Ísafjarðardjúpi en mörg aðföng til jólahalds þurfti að sækja yfir úfinn sjó með tilheyrandi kvíða. Allt fór þó vel að lokum.

Næst á dagskrá kynnti starfsmaður Kvennaathvarfsins starfsemi þess bæði hvað varðar börnin og mæður þeirra. Mikil áhersla er lögð á velferð barnanna í athvarfinu og að sem minnst röskun komi á skólagöngu þeirra og daglegt líf. Eta konur höfðu safnað framlagi til Kvennaathvarfsins og tók starfsmaðurinn við þeirri peningagjöf. Að lokinni kynningu um Kvennaathvarfið var gengið að nægtaborði félagskvenna og veitingum gerð góð skil.

Þá kom Anna Elísabet Ólafsdóttir, lýðheilsufræðingur í heimsókn og sagði frá ferðum sínum til Afríku og ótrúlega merkilegu frumkvöðlastarfi sínu þar ásamt búsetu fjölskyldu sinnar í Tansaníu til margra ára. Hún kynnti einnig tilurð bókar sinnar *Ég vildi að ég hefði fæðst strákur*.

Bókin er skáldsaga um eina afríska konu en byggð á sögum af hlutskipti margra kvenna sem hún kynntist. Fundinum lauk síðan með því að Ólöf Helga Þór tók fram jólasöngheftin og að söng loknum var gestgjafa okkar og fyrirlesurum færðar rósir.



Fjórði fundur vetrarins var haldinn 28. janúar 2026 í húsi MMS í í Vikurhvarfi 3. 16 félagskonur mættu á fundinn ásamt fyrirlesara, Birgit Raschhofer formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Fyrirlesari kvöldsins Birgit Raschhofer er m.a. virk í sjálf-boðaliðastarfi sem styður úkraínskar konur og flóttafólk. Hún kynnti fyrir okkur hjálparstarf sem fer sérstaklega fram í gegnum svokallaða hannyrða- eða þrjónahópa. Þá sagði hún frá söfnun á fötum og efni (t.d. garni og þrjónavörum) til kvenna sem hafa flúið stríðið. Einnig er söfnun á fötum og hjálpargögnum sem fara til Úkraínu. Síðan sagði hún frá góðgerðarverkefninu Jól í skókassa en það felst í því að fólk gefur jólagjafir til barna sem búa við fátækt eða erfiðar aðstæður í öðrum löndum. Fyrirlesturinn var mjög áhrifamikill og fræddumst við mikið um hjálparstarf.

Að því loknu kynnti Ólöf Helga Þór *Afmælisrit Delta Kappa Gamma 50 ára, vináttu, trúmennska, hjálpsemi*. Fram kom m.a. að félagið var stofnað af 11 konum í Texas og að Ísland væri eitt stærsta landsfélag í heiminum. Stefnan er að bæta við 100 konum í DKG á landsvísu á árinu. Verð ritsins er 4500 kr.

Síðan var rætt um bækur sem félagskonur höfðu lesið. Nanna Christiansen talaði um bókina *Þú sem ert á jörðu*, rithöfundur Oddný Eir Ævarsdóttir. Töluverðar umræður urðu um bókina sem er m.a. um samband mannsins við jörðina og náttúruna og voru félagskonur almennt mjög hrifnar af henni.

Eyrún Gísladóttir sagði frá bókinni *Piparmeyjar* eftir Sigríði Kristínu Þorgrímsdóttur. Í umræðum um bókina kom Eyrún inn á stöðu einhleypra kvenna (Piparjónka) á Íslandi. Á meðan félagskonur ræddu um bækurnar snæddu þær ljúffenga rétti sem þær höfðu komið með og luku síðan fundinum.

Fimmti fundur vetrarins var sameiginlegur fundur Eta deildar og

Epsilon deildar, haldinn á Selfossi 18. mars í Tryggvaskála. 19 félagskonur og 1 gestur mættu frá Epsilon deild, 13 félagskonur og 3 gestir frá Eta deild.



Margrét Guðmundsdóttir formaður Epsilon deildar setti fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hún flutti síðan erindi um Málþing Epsilon deildar *Lykill að Líðan barna og unglunga* sem haldið var í október 2025. Á málþinginu fjallaði Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur m.a. um andlega líðan barna og unglunga og mikilvægi áfallamiðaðrar nálgunar.

Ellert Geir Ingvarsson frá Samfélagslögreglunni lýsti því hvernig unnið er markvisst að því að koma nær fólkinu, sérstaklega börnum og ungmennum til að byggja upp traust og tengsl. Þá lýstu ungmenni eigin reynslu og sýn á hvað hefur áhrif á andlega líðan þeirra. Þau töluðu m.a. um að ungmenni þyrftu rými til að vera þau sjálf, mikilvægi jafnvægis milli náms, frístunda og hvíldar og símalausan skóla til að efla tengsl og samveru. Halla Tómasdóttir forseti og Sigríður Munda Jónsdóttir fundarstjóri málþingsins ræddi um hreyfinguna Riddara kæreikans. "Við getum ekki útrýmt hörku með hörku heldur aðeins með kærleika". Sameiginleg skilaboð málþing sins voru:

Til að byggja upp samfélag sem styður við andlega heilsu barna og unglunga þurfum við að standa saman, hlusta, fræða og sýna kærleika í verki.

Nanna Christiansen Eta deild var með *Orð til umhugsunar*.

Hún talaði um líðan nemenda og námsárangur og hvort þetta tvennt gæti farið saman. Samkvæmt nálgun sem þýða má sem leiðsagnanám helst líðan nemenda og námsárangur algjörlega í hendur. Til að auka skilning og áhuga nemenda þarf kennarinn að valdefla nemendur svo þeir geti tekið ábyrgð á námi sínu. Hann þarf að hafa væntingar til allra nemenda, byggja upp seiglu, kenna þeim að læra af mistökum, efla námsvitund þeirra og fleira. Nemandi sem skilur hvað hann er að læra, veit hvers er vænst af honum og fær viðeigandi stuðning, er líklegri til að ná framförum og það stuðlar að vellíðan hans.

Epsilon deild stendur fyrir happdrætti á fundum sínum sem er liður í fjáröflun deildarinnar og í lok fundarins var haldið happdrætti á þessum sameiginlega fundi deildanna við mikla ánægju félagskvenna.

Fundi var síðan slitið og slökkt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Eftir mjög fróðlegan og ánægjulegan fund var borðað saman í Tryggvaskála.

Sjötti fundur vetrarins (Aðalfundur) verður síðan haldinn 20. maí, á Menntavísindasviði (MVS) Háskóla Íslands á Sögu.

Ásta Lárusdóttir tók saman.

Petadeild

Vorönn Þeta deildar hófst með skemmtilegum bóka fundi á heimili Guðbjargar Þeta systur. Þar sögðu félagskonur frá áhugaverðum bókum sem þær höfðu lesið og mættu með á fundinn. Fjölbreytt úrval bóka og höfunda var kynnt og skapaðist lífleg og skemmtileg umræða um lestur og bókmenntir. Boðið var upp á ljúffenga fiskisúpu og brauð. Ingibjörg Guðmundsdóttir flutti orð til umhugsunar sem settu notalegan svip á samveruna. Talaði hún á skemmtilegan hátt um orðið “hughrif”.

Í febrúar var fundur haldinn í nýju útibúi leikskólans Tjarnarsels, Tjarnarlundi, þar sem þær Árdís og Inga Sif, Þeta systur, tóku hlýlega á móti félagskonum. Þær kynntu starfsemi skólans og þær áherslur sem þær eru hafðar að leiðarljósi. Leikskólinn hefur um árabíl verið þekktur fyrir öflugt læsisumhverfi og hefur meðal annars gefið út námsefnið *Orðaspjall*, sem snýr að orðaforðanámi og hlustunarskilningi barna. Jenný Magnúsdóttir kynnti einnig starfsemi Bjargráða, sem veita fjölskyldum og aðstandendum fanga stuðning og ráðgjöf. Um er að ræða mikilvæga og þarfa þjónustu sem vakti mikinn áhuga meðal fundargesta.

Í lok apríl lést Þeta systir okkar, Bryndís Björg Guðmundsdóttir, eftir erfið veikindi. Bryndís var virkur félagi í samtökunum um árabíl og lagði mikið af mörkum til skólasamfélagsins. Hún starfaði lengi í grunnskólum Reykjanesbæjar og síðast sem skólastjóri Myllubakkaskóla. Hennar verður sárt saknað af félagskonum og öllum sem kynntust henni. Við minnumst hennar með hlýju og þakklæti. Hvíl í friði, kæra Bryndís.



Stjórn Þetadeildar

Aprílfundur deildarinnar var haldinn í Háaleitisskóla þar sem Jurgita Þeta systir og aðstoðar- skólastjóri skólans, tók á móti hópnum og kynnti starfsemi skólans og helstu áherslur hans. Sérstaða skólans felst meðal annars í fjölmenningslegu skólasamfélagi þar sem yfir 70% nemenda hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur og leiðsögukona var gestur fundarins og hélt afar áhugaverða og skemmtilega kynningu um Jane Austen, ferðir tengdar verkum hennar og fræði þeim tengd. Fundinum lauk svo með orðum til umhugsunar frá Lóu Gestsdóttur félagskonu.

Fyrirhuguð vorferð deildarinnar í maí féll því miður niður vegna dræmrar þátttöku. Aðalfundur deildarinnar verður þó haldinn 27. maí næstkomandi þar sem félagskonur koma saman til notalegrar samveru, snæðings og aðalfundarstarfa. Þar mun núverandi stjórn kveðja og ný stjórn taka við störfum. Fundurinn verður haldinn á Kef Restaurant. Þakkar stjórn Þeta deildar fyrir skemmtilegt starfsár og ánægjulegar samverustundir.



Jane Austin kynning

lotadeild

Starfið á nýju ári hófst samkvæmt venju með bókafundi í janúar. Guðríður Sigurðardóttir lota-kona bauð heim og vorum við með svokallað Pálínuboð þar sem borð svignuðu undan veitingum. Fjölbreyttar bækur voru kynntar og nutu konur samverunnar.



Næsti fundur deildarinnar fór fram í febrúar á leikskólanum Sólborg á Ísafirði. Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólastjóri og félagi í lota tók á móti og kynnti dr. Bryndís Gunnarsdóttir, sem áður var félagskona í lota, doktorsrannsókn sína sem sneri að félagslyndi ungra leikskólabarna.

Fund mars mánaðar héldum við í Menntaskólanum á Ísafirði en þar starfa þrjár lota-konur, þær Hildur Halldórsdóttir Arnholtz kennari, Jónína Hrönn Símonardóttir kennari og Pernilla Rein forstöðumaður bókasafns og gæðastjóri. Arnheiður Steinþórsdóttir sagði frá meistaraverkefni sínu í sagnfræði, um samfélagsleg áhrif saumavéla á Íslandi 1865–1920.

Þann 21. apríl fór fram síðasti fundur vetrarins, sem var aðalfundur lota-deildar. Var hann haldinn í Víkingaskálanum á Þingeyri þar sem við fræddumst um starfseminna þar og tókum inn eina nýja konu. Á meðfylgjandi myndum má sjá þegar Pernilla formaður og Vilborg Ása stjórnarkona tóku Guðrúnu Birgisdóttur inn í lota-deild.

Einnig fóru fram stjórnarskipti þar sem fráfarandi formaður auk tveggja stjórnarkvenna létu af störfum. Nýja stjórn skipa: Guðrún Birgisdóttir formaður, Pernilla Rein, Iwona Samson, Jónína Hrönn Símonardóttir og Sigrún Pálmadóttir.



Kappadeild



Fyrsti fundur ársins en jafnframt fjórði fundur starfsárs Kappadeildar var að venju bókafundur. Fundurinn fór fram miðvikudaginn 28. janúar í Búbbulusalnum á veitingastaðnum Finnsson. Orð til umhugsunar voru í höndum Sigríðar Huldu Jónsdóttur, sem talaði um mikilvægi þess að rækta tilhlökkun, njóta lífsins fram í fingurgóma og vera meðvitaður um hvað veitir gleði og lífsfyllingu. Við fengum eftir það bókaumfjöllun frá tveimur rithöfundum. Anna Elísabet Ólafsdóttir las fyrir okkur úr bók sinni „Ég vildi að ég hefði fæðst strákur“ en kveikjan að þeirri bók er 14 ára búseta Önnu í Tansaníu. Hún sagði okkur á ógleymanlegan hátt í máli og myndum frá dvöl sinni þar og kynnum af fólki og lífsháttum, en í Tansaníu stofnaði hún m.a. skóla, lánastofnun og ferðapjónustu. Sólveig Jakobsdóttir, Kappakona, sagði okkur því næst frá glænýrri bók sinni, „*Draumboð og hughvísl – Framliðni klúbburinn og lítrík atvik í lífi mínu*“. Þar segir frá atvikum þar sem hið yfirskilvitlega hefur leiðbeint eða haft áhrif á líf hennar og annarra fjölskyldumeðlima.



Fimmti fundur starfsársins var haldinn fimmtudaginn 5. mars á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Kolbrún Þ. Pálsdóttir forseti Menntavísindasviðs tók á móti hópnum og kynnti

starfseminna. Ragný Þóra Guðjohnsen dósent í deild menntunar og margbreytileika leiddi eftir það konur um húsnæðið. Orð til umhugsunar voru svo tileinkuð lestri og lestrarkennslu í árunna rás. Áslaug Ármannsdóttir Kappakona á að baki langan starfsferil sem kennari og sinnti lestrarkennslu liðlega 30 ár af sínum starfsferli. Hún rifjaði upp litríka sögu lestrarkennsluaðferða á Íslandi, allt frá bandprjónsaðferðinni, tilkomu hljóða- og orðaaðferðar og ræddi sveiflur í skoðunum um mikilvægi aðkomu foreldra.



Sjötti fundur var tileinkaður lýðheilsu og haldinn í Hamraskóla, mánudaginn 13. apríl. Erla Gunnarsdóttir, Kappakona, hóf fund með því að leiða okkur í göngu um frístundagarðinn í Gufunesi og sýna okkur þá frábæru aðstöðu sem þar er að finna. Erla sýndi okkur svo skólann sinn og sagði frá þróunarstarfi um leiðsagnarnám sem hefur haft mikil áhrif á skólamenningu Hamraskóla. Anna Bergsdóttir, skólastjóri sagði okkur þvínæst frá starfi skólans og gekk með okkur um kennslusvæðin, þar sem við fengum að sjá falleg verk nemenda. Orð til umhugsunar voru flutt af Dagnýju Broddadóttur. Hún deildi með

okkur sameiginlegu áhugamáli þeirra hjóna; að æfa ýmiskonar íþróttir og stíga út fyrir rammann í þeim efnum. Þátttaka í maraþonum víða um heim hefur gert það af verkum að hún hefur upplifað og komið til staða sem hún hefði annars aldrei heimsótt og opnað möguleika til að leggja inn í það sem hún kallar heilsulífeyrinn. Við í Kappadeild ætlum allar að tileinka okkur það hugtak og vinna ötullega að því að safna í okkar heilsulífeyri.



Nýkjörin stjórn frá vinstri: Ragnheiður Axelsdóttir, formaður, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, meðstjórnandi, Svanhildur Svavarsdóttir, ritari, Herdís Anna Friðfinnsdóttir, gjaldkeri. Á myndina vantar Soffiu Vagnsdóttur, varaformann, sem átti ekki heimangengt að þessu sinni.



Starfsárið endaði á Aðalfundi, sem var haldinn þriðjudaginn 5. maí á veitingahúsinu Saffran í Fákafeni. Þar voru auk hefðbundinna aðalfundarstarfa, 3 nýjar konur vígðar inn í Kappadeild með dyggri aðstoð Hrunnar landsambandsforseta og endað á formanns- og stjórnarkjöri. Úr stjórn ganga Linda Hrönn Helgadóttir, formaður og Sigrún Kristín Magnúsdóttir, varaformaður. Í stjórn sitja áfram Svanhildur Svavarsdóttir, ritari og Herdís Anna Friðfinnsdóttir, gjaldkeri. Nýr formaður Kappadeildar er Ragnheiður Axelsdóttir, varaformaður er Soffía Vagnsdóttir og meðstjórnandi Guðný Gerður Gunnarsdóttir.

Við förum glaðar og sáttar inn í sumarið og hlökkum til komandi starfsárs með nýja og öflugra stjórn í brúnni.

Lambdadeild

Fyrsti fundur Lambdadeildar á vorönn var haldinn mánudaginn 12. janúar heima hjá lðunni Antonsdóttur. Fundurinn var helgaður bókalestri, þar sem félagskonur skiptust á að segja frá áhugaverðum bókum sem þær höfðu lesið á síðastliðnu ári og skemmtilegar umræður sköpuðust um þær. Þetta er annað árið sem við höldum bókafund í janúar, mikil ánægja er með þessa nýju hefð og líklegt að við höldum áfram að útfæra hugmyndina á næstu árum. Eftir skemmtilegar umræður og ljúfar veitingar var komið að dagskrárliðnum „konur kynna sig“ sem tekin var upp á þessu ári og kemur tímabundið inn í stað orði til umhugsunar. Þær Esther Ágústsdóttir og Alla Dóra Smith sögðu frá uppveiti sínum og þeim fjölmörgu verkefnum sem þær hafa tekist á hendur í gegnum tíðina. Óhætt er að sega að kynningarnar hafi fært okkur enn nær hver annarri og við hlökkum til að halda áfram með þær.

Sjötti fundur á þessu starfsári var sameiginlegur fundur Lambda- og Alfadeildar sem haldinn var á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, þann 26. mars. Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir forseti Menntavísindasviðs og Lambdakona tók á móti okkur. Björg setti fundinn og bauð félagskonur beggja deilda velkomnar, í framhaldinu kveikti Málfríður formaður Alfadeildar á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Kolbrún sagði frá tilurð Menntavísindasviðs, rakti þróun þess og ferlinu við að koma starfsemi í núverandi húsnæði, sem áður var hótél í eigu Bændasamtakanna. Með flutningnum skapast betri skilyrði til þéttara samstarfs við önnur fræðasvið HÍ en Kolbrún lagði einnig áherslu á mikilvægi þess að halda í rætur sviðsins.

Að loknu erindi Kolbrúnar var farið í skoðunarferð um húsið þar sem konum gafst tækifæri til að líta inn í kennslustofur og kynna þeirri fjölbreyttu starfsemi sem fram fer á sviðinu. Umræður sköpuðust um breytingar á kennaranáminu og áskoranir sem felast í breyttum námsvenjum með tilkomu fjarnáms. Í lok fundar var boðið upp á léttar veitingar sem voru í boði beggja deilda og konur spjölluðu saman í stutta stund.

Vorgleði Lambdadeildar fór fram þann 29. apríl sem hófst í Minjagarðinum við Hofsstaði. Þar má sjá leifar af reisulegum skála sem fannst við fornleifarannsóknir árið 1994. Skálinn er talinn hafa staðið frá landnámsöld (870-930) og fram á 12. öld og eru þetta einar merkustu minjar frá landnámsöld sem fundist hafa hér á landi. Arnór Gunnar Gunnarsson sagnfræðingur sá um fræðslu og leiðsögn um minjagarðinn og fylgdi hópnum á margmiðlunarsýninguna „Aftur til Hofsstaða“ sem staðsett er í litlu rými gengt Bókasafni Garðabæjar á Garðatorgi.

Fræðslan var í alla staði til fyrirmyndar og veitti nýja sýn á fyrrnefnt bæjarfélag. Sannarlega vel falinn gimsteinn sem óhætt er að mæla með að skoða. Að lokinni vel heppnaðri fræðslugöngu snæddu konur saman kvöldverð á Mathúsi Garðabæjar og nutu samveru í góðum félagsskap.

Fram undan er aðalfundur sem haldinn verður fimmtudaginn 21. maí, þar sem auk hefðbundinna aðalfundastarfa verður kosið í nýja stjórn.

Fundir á þessu starfsári hafa verið fjölbreyttir og fjöldi kvenna yfirleitt á bilinu 12-15 af 22 félagskonum. Konur hafa verið nokkuð duglegar að bjóða með gestum á fundi og stefnt er að inntöku nýrra félagskvenna á nýju starfsári enda félagsskapurinn dýrmætur og fundir ávallt uppspretta nýs lærdóms. Að því sögðu óskum við öllum DKG konum góðs sumar og hlökkum til komandi starfsárs.



Björg, Kolbrún og Málfríður á sameiginlegum fundi deilda á Menntavísindasviði HÍ.



Sameiginlegur fundur Alfa- og Lambdadeildar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.



Minjagarðurinn við Hofstaði

Mýdeild

Jólafundur Mýdeildar var haldinn í heimahúsi, Litlu Brekku í Hörgárdal. Markmiðið var að skapa notalega og hátíðlega kvöldstund.




Kvöldið hófst á því að formaður setti fundinn og kveikti á kertum, en að því loknu sungu félagskonur saman nokkur jólalög sem fylltu hjörtu okkar af jólaanda og kærleik.

Katrín Fjóra fór með orð til umhugsunar og sagði frá jólaminningu sinni frá því að hún var krakki, en aðeins 10 ára gömul missti hún móður sína. Fjölskyldan upplifði mikinn hlýhug frá sveitungunum sem studdu þau með jólagjöfum og öðru. Erindið var fallett, frásögn um náungakærleikann og mikilvægi þess að standa saman á erfiðum tímum.

Næst var sest að borði þar sem boðið var upp á ljúffenga jólasmarétti og góða villisveppasúpu sem jólanefndin og stjórnin sáu um. Að því loknu sögðu félagskonur frá ýmsum jólasíðum í þeirra fjölskyldum. Í lok fundar þakkaði formaður Jónínu Garðarsdóttur fyrir frábært heimboð og þessa afar ljúfu kvöldstund.

Fyrsti fundur ársins 2026 fór fram í Síðuskóla miðvikudaginn 13. janúar. 17 félagskonur mættu á fundinn. Formaður setti fundinn og kveikti á kertunum og síðan hófst fundurinn á því að formaður fór yfir ýmsar tilkynningar og ræddi meðal annars um afmælisritið sem var nýkomið út. Að því loknu tók við áhugaverð dagskrá þar sem rithöfundurinn Óskar Þór Halldórsson greindi frá og las upp úr bók sinni Akureyrarveikin. Í bókinni fjallar hann um viðkvæmt efni sem lengi ríkti þöggun yfir. Að hans mati var mikilvægt að segja þessa sögu og var erindi hans bæði fróðlegt og skemmtilegt.



Að lokinni bókarkynningu var boðið upp á léttar veitingar og nutu félagskonur þess að spjalla saman yfir kræsingunum. Eftir matinn flutti Kristín Irene skemmtilegt og persónulegt erindi sem hún nefndi Sögur, bækur og sagnaheimur. Þar rifjaði hún upp bernskuminningar sínar, meðal annars hvernig móðir hennar sem er norsk las barnabækur til að læra íslensku. Hún sagði frá því hversu mikilvægur staður Amtsbókasafnið var í hennar huga. Heimur bókanna opnaði fyrir henni dyr að spennandi veruleika. Þetta var mjög skemmtilegt erindi. Síðasti dagskráliður fundarins var skemmtilegur bókaleikur

sem skapaði góða stemningu og gleði meðal viðstaddra. Í lok fundar þakkaði formaður nefndinni fyrir vel heppnað, fróðlegt og skemmtilegt kvöld og slökkti á kertunum.

Febrúarfundur Mýdeildar hófst í heimahúsi, heima hjá Hrafnhildi, Hliðargötu 3 á Akureyri. Þar áttum við notalega samverustund saman. 16 félagskonur sóttu fundinn. Nefndin bauð upp á léttar veitingar og andrúmsloftið var hlýlegt og ljúft. Við hlustuðum á áhugavert og fræðandi erindi, þar sem Ingibjörg Magnúsdóttir sagði okkur frá námskeiði sem hún fór á um tengslamyndun barna. Þetta góða erindi vakti bæði umhugsun og góðar umræður. Að því loknu fórum við í Sjálfsræktina, þar sem við tókum þátt í yoga og slökun. Við fengum einstaklega góðar móttökur og áttum yndislega stund saman sem nærði bæði sál og líkama. Þetta kvöld hafði mjög jákvæð áhrif á okkur allar og fórum við endurnærðar og þakklátar heim.

Næsti fundur Mýdeildar fór fram í Naustaskóla 13.apríl. 11 félagskonur mættu á fundinn. Formaður setti fundinn og kveikti á kertum og bauð félagskonur velkomnar en að því loknu bauð nefndin upp á léttar veitingar. Aðalerindi kvöldsins flutti María Pálsdóttir, en hún sagði okkur frá Sánaævintýri sínu, sánagusunum og hvernig þær geta haft jákvæð áhrif á svefn, slökun og almenna vellíðan.


Bryndís Björnsdóttir flutti orð til umhugsunar um skuldbindingu og þrautseigju, hvernig við höfum mótast af skuldbindingu og þrautseigju forfeðra okkar. Skuldbinding er drifkraftur til að mæta til leiks, þegar við sjáum verkefni vaxa og dafna hjá okkur. Þetta var afar gott erindi og góðar umræður fóru fram að því loknu.

Eftir þetta góða erindi fórum við í leik til að hrista okkur félagskonurnar saman og til að kynnast betur.



Að lokum las formaður upp úr afmælisritinu og fór yfir nokkrar tilkynningar m.a. að Dóróþea Reimarsdóttir væri komin í námstyrkjanefnd, að lokahóf yrði 20.maí og að Björg Sigurvinsdóttir og Sesselja Sigurðardóttir færu í stjórn fyrir næsta tímabil.

Formaður slökkti síðan á kertunum og þakkaði fyrir góða samveru.



Frá Þingvöllum

Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma:

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum.

Vorbarn

Í maí
lagði vorið
væng sinn yfir heiminn
og verndaði lítið barn í vögg

Í maí
opnaði lítið barn augu sín
og horfði undrandi á heiminn
og lífið sem sagði:

Litla vorbarn
ég er bók
ég er ævintýri
viltu myndskreyta mig?

Ég legg þér til efnið
sorg og gleði samborgarans
sólina, regnið og hinn síunga hversdagsleika

Það er aftur maí
og vor í augum ungrar konu

Ég er þakklát

Ég þekki hlýja, skapandi hönd
sem heldur um pensilinn.

Þuríður Guðmundsdóttir

